

REGLUGERÐ

um (8.) breytingu á reglugerð um áhættusöm þriðju lönd vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 105/2020.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

a. 9. tölul. breytist sem hér segir:

Í stað orðanna: „Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1219 er birt sem fylgiskjal II við reglugerð þessa.“ komi: Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 68 frá 21. september 2023, bls. 386-389.

b. Við bætist nýr töluliður, 12. töluliður, svohljóðandi:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1184 frá 10. júní 2025 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849, um að bæta við Alsír, Angóla, Côte d'Ivoire (Fílabeinsströndin), Kenya, Laos, Líbanon, Mónakó, Namibíu, Nepal og Venesúela og fella brott Barbados, Gíbraltar, Jamaíku, Panama, Filippseyjar, Senegal, Úganda og Sameinuðu arabísku furstadæmin úr töflunni í I. lið í viðaukanum, sem vísað er til í IX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2018 frá 5. desember 2018. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63, 9. október 2025, bls. 303-309.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1393 frá 8. júlí 2025 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2025/1184 til að innleiða endurskoðunarákvæði um rýni á þriðju löndum sem hafa ekki verið skilgreind sem lönd sem falla undir kröfur um aðgerðir eða aukið eftirlit af hálfu alþjóðlega fjármálaaðgerðarhópsins FATF en hafa ógilda aðild að þeim alþjóðlega staðasetningaraðila um stundarsakir, til að meta hvort breyta þurfi viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675 til samræmis við það. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1393 er birt sem fylgiskjal II við reglugerð þessa.

2. gr.

Listi yfir áhættusöm þriðju lönd, sem birtur er sem fylgiskjal I við reglugerð nr. 105/2020, tekur breytingum til samræmis við þær breytingar sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar. Listinn er birtur sem fylgiskjal I við reglugerð þessa þannig breyttur.

3. gr.

Í stað fylgiskjals II við reglugerðina, viðvíkjandi birtingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1219 ásamt viðauka, kemur nýtt fylgiskjal II, viðvíkjandi birtingu á framseldri reglugerð (ESB) 2025/1393 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2025/1184 til að innleiða endurskoðunarákvæði, sbr. 1. gr., sem birt er með reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 56. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 25. nóvember 2025.

Porbjörg S. Gunnlaugsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

Fylgiskjal I.**Listi yfir áhættusöm þriðju lönd,
sbr. framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675.**

- I. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Afganistan
2	Alsír
3	Angóla
4	Búrkína Fasó
5	Kamerún
6	Côte d'Ivoire (Fílabeinsströndin)
7	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
8	Haítí
9	Kenya
10	Laos
11	Líbanon
12	Malí
13	Mónakó
14	Mósambík
15	Myanmar (Mjanmar)
16	Namibía
17	Nepal
18	Nígería
19	Suður-Afríka
20	Suður-Súdan
21	Sýrland
22	Tansanía
23	Trínidad og Tóbagó
24	Vanúatú
25	Venesúela
26	Víetnam
27	Jemen

- II. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa ákveðið að fara fram á tækniðstoð við að innleiða

aðgerðaáætlun fjármálaaðgerðahópsins, og sem eru auðkennd í opinberri yfirlýsingu fjármála-
aðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Þriðja land með mikla áhættu
1	Íran

- III. Áhættusöm þriðju lönd þar sem er viðvarandi og veruleg hættu á peningaþvætti og fjármögnun
hryðjuverka og sem hefur ítrekað mistekist að ráða bót á greindum annmörkum, og sem auðkennd
eru í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Þriðja land með mikla áhættu
1	Íran

Fylgiskjal II.**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1393****frá 8. júlí 2025****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2025/1184
til að innleiða endurskoðunarákvæði**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þann 10. júní 2025 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1184 ⁽²⁾ um breytingu á lista yfir áhættusöm þriðju lönd sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 ⁽³⁾. Þessi breytingargerð fylgir tilmælum fjármálaaðgerðahópsins (FATF) sem setur alþjóðlega staðla.
- 2) Lönd sem hafa ekki verið opinberlega tilgreind sem lönd sem falla undir kröfur um aðgerðir eða aukið eftirlit af hálfu fjármálaaðgerðahópsins geta samt sem áður verið ógn fyrir heilleika fjármálakerfis ESB. Ef aðild slíkra landa að FATF er ógild um stundarsakir vegna grófra brota á þeim grundvallarreglum sem liggja til grundvallar þessum staðasetningaraðila er líklegt að ógnin við fjármálakerfi ESB aukist. Því ætti framkvæmdastjórnin að grípa til afgerandi aðgerða til að varðveita heilleika fjármálakerfis ESB og ljúka óháðu mati á því hvort slík lönd séu áhættusöm þriðju lönd, eins og um getur í 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849. Með hliðsjón af núverandi landfræðipólitískum aðstæðum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin bregðist hratt við. Því er viðeigandi að kveða á um að framkvæmdastjórninni beri skylda til að ljúka slíku mati fyrir 31. desember 2025. Til að bæta við nálgunina sem var fylgt í framseldri reglugerð (ESB) 2025/1184 ætti að innleiða slíka skyldu í þá reglugerð.
- 3) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2025/1184 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. gr. a bætist við framselda reglugerð (ESB) 2025/1184.

„1. gr. a

Eigi síðar en 31. desember 2025 skal framkvæmdastjórnin ljúka rýni á þriðju löndum sem hafa ekki verið skilgreind sem lönd sem falla undir kröfur um aðgerðir eða aukið eftirlit af hálfu FATF en hafa ógilda aðild að þeim alþjóðlega staðasetningaraðila um stundarsakir, til að meta hvort breyta þurfi viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675 til samræmis við það.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

1. Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj>.

2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1184 frá 10. júní 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/1675 til að bæta Alsír, Angóla, Côte d'Ivoire (Filabeinsströndin), Kenya, Laos, Líbanon, Mónakó, Namibíu, Nepal og Venesúela á lista yfir áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á þeim annmörkum sem greinst hafa og hafa útbúið aðgerðaáætlun með FATF og fjarlægja Barbados, Gíbraltar, Jamaíku, Panama, Filippseyjar, Senegal, Úganda og Sameinuðu arabísku furstadæmin af þeim lista (OJ L, 2025/1184, 16.7.2025, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg_del/2025/1184/oj).

3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með því að auðkenna áhættusöm þriðju lönd með annmarka í stefnu (Stjtið. ESB L 254, 20.9.2016, bls. 1, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg_del/2016/1675/oj).

B-deild – Útgáfudagur: 26. nóvember 2025